

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. september 2019
2019090013/24-1-3-2
jgo

Veiðipól rjúpnastofnsins 2019

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur metið veiðipól rjúpnastofnsins haustið 2019 og er niðurstöðurnar að finna í meðfylgjandi greinargerð. Forsendur matsins byggja á þeirri stefnu stjórnvalda að rjúpna- veiðar skuli vera sjálfbærar í þeim skilningi að stofninn nái að sveiflast á milli lágmarks- og hámarksára innan þeirra marka sem náttúruleg skilyrði setja honum hverju sinni.

Rjúpnastofninn er í niðursveiflu víðast hvar um land. Sums staðar, líkt og á Norðausturlandi, er stofninn þökkalega sterkur miðað við síðustu 24 ár, en annars staðar stendur hann veikt, líkt og á Suðausturlandi. Viðkoma rjúpnunar á Norðausturlandi og Vesturlandi var góð. Áætlaður rjúpnafjöldi haustið 2019 er vel yfir meðallagi miðað við síðustu áratugi.

Gögn sýna að stjórnun veiða í kjölfar rjúpnaveiðibanns 2003–2004 hefur í meginatriðum gengið vel. Verulega hefur dregið úr heildarveiði og bein afföll vegna veiða hafa lækkað mikið. Markmið veiðistjórnunar er að lækka svokallaðan Z_2 -dánarstuðul en veiðar eru hluti af honum. Þessi dánarstuðull er sameiginlegur aldurshópum rjúpnunar, fyrsta árs fuglum og eldri fuglum, og það er hækkun á þessum stuðli sem skýrir hnignun rjúpnastofnsins síðustu 30 til 40 ár. Svörunin var skýr friðunarárin tvö og lækkaði stuðullinn þá. Þrátt fyrir hlutfallslega miklu minni veiði frá 2005 samanborið við árin fyrir 2003 hefur Z_2 -dánarstuðullinn verið mjög breytilegur síðan og sveiflast upp og niður og sýnir marktækt jákvætt samband við stofnstærð árið á undan. Það er líkast því sem að einum megináhrifavaldi í stofnbreytingum rjúpnunar síðustu áratugi, og þá erum við að tala um áhrif skotveiða, hafi verið skipt út og að önnur öfl skipi nú þann sess. Í því sambandi hefur verið bent á þætti sem hafa áhrif á heilsufar fuglanna líkt og sníkjudýrasýkingar.

Enginn ágreiningur var um ástand rjúpnastofnsins 2019 og árangur veiðistjórnunar 2005 til 2018 á samráðsfundi fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Umhverfis- stofnunar, Skotveiðifélags Íslands og Fuglaverndar sem haldinn var 6. september sl.

Reiknuð heildarstærð varpstofns rjúpu vorið 2019 var metin 228 þúsund fuglar. Framreiknuð



stærð veiðistofns 2019 er 820 þúsund fuglar miðað við að hlutfall unga á veiðitíma sé 77%. Með varpstofni annars vegar og veiðistofni hins vegar er átt við fjölda fugla á lífi í upphafi varptíma og í upphafi veiðitíma. Samkvæmt framangreindum útreikningum er ráðlögð veiði 2019 um 72 þúsund fuglar. Þessi ráðgjöf miðast við það að áhrif veiða séu ekki önnur en þau að veiðiafföll bætast að fullu við náttúruleg afföll.

Mikilvægt er að halda áfram þróun stofnlíkans fyrir rjúpu og yfirfæra þá útreikninga á landið í heild. Jafnframt að svara spurningu varðandi tengsl veiðiaffalla og heildaraffalla, einnig áhrif veiða á streitu hjá rjúpu, og eins að rannsaka hvað ráði lélegri viðkomu unga síðustu ár.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið í samráði við tillögur Umhverfisstofnunar sem unnar voru í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglaverndarfélag Íslands og Skotvís að haustið 2019 verði rjúpnaveiðitíminn 22 dagar og að sama fyrirkomulag verði 2020 og 2021 nema eitthvað óvænt komi upp. Niðurstöður vöktunar 2019 eru í samræmi við það ástand sem ríkt hefur frá árinu 2005 og sýna því í sjálfu sér ekkert óvænt. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við það fyrirkomulag rjúpnaveiða sem ákveðið var nú í haust. Stofnunin leggur þó mikla áherslu á að hvergi verði slakað á í þeirra viðleitni að draga sem mest úr heildarafföllum rjúpunnar og í ljósi rýmkaðs veiðitíma er ábyrgð veiðimanna mikil. Jafnframt leggur Náttúrufræðistofnun mikla áherslu á að nú verði tækifærið nýtt til að ljúka stofnlíkani rjúpu sem nái til landsins alls og með því skjóta sterkari stöðum undir stjórnun veiða úr rjúpnastofninum. Verði fjármagn tryggt til þeirra vinnu og ljúki henni fyrir árslok 2020.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Meðfylgjandi er greinargerðin:

Mat á veiðipóli rjúpnastofnsins haustið 2019: greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands, 11. september 2019

